



Fréttablað

Verkalýðsfélag Vestfirðinga 6. árg. 1. tbl. desember 2015





Eygló



Fanney



Sigrún



Finnbogí



Hrönn



Ásdís



Hulda



Helgi



Stefania

Í hvaða stéttarfélagi ert þú?

Á námskeiðum á vegum Verkalýðsfélags Vestfirðinga er aðild starfsmanna að stéttarfélögum áberandi í umræðum. Fólk virðist oft á tíðum ekki meðvitað um það hvaða reglur gilda um aðild að stéttarfélagi. Ýmsum spurningum sem komið hafa upp í þessu sambandi viljum við reyna að svara hér:

Þarf ég að greiða í stéttarfélag?

Samkvæmt lögum frá 1980 nr. 55 er atvinnurekendur gert skylt að halda eftir af launum starfsmanna iðgjaldi til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og ákvæðum l. 55/1980 er launafólki frjálst að standa utan stéttarfélaga þótt því beri aftur á móti skylda til þess að taka þátt í fjármögnun kjarnahlutverks stéttarfélaganna sem er að gera lágmarks kjarasamninga sem ná til allra óháð formlegri félagsaðild.

Ef ég skipti um félag missi ég þá öll réttindi?

Ef iðgjald er greitt til félags innan ASÍ flytur viðkomandi réttindin á milli stéttarfélaga.

Er ekki sama í hvaða stéttarfélag ég greiði?

Í lögum hvers stéttarfélags er félagssvæði þess tilgreint. Félagssvæði Verkalýðsfélags Vestfirðinga eru öll sveitarfélög á Vestfjörðum, nema Bolungarvík. Þó er verslunar- og skrifstofufólk í Bolungarvík innan raða Verk Vest. Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði nær yfir Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík. Þeir sem starfa innan félagssvæðis Verk Vest skulu greiða til félagsins.

Get ég valið um stéttarfélag á sama félagssvæði?

Ef tvö félög eða fleiri eru aðilar að sama kjarasamningi í sömu starfsgrein á sama félagssvæði er hægt að velja félag (til dæmis Verk Vest eða FosVest).

Hvað græði ég á því að greiða í stéttarfélag?

Flest félög ganga eins langt og hægt er varðandi réttindi félagsmönnum til handa. Félögin eru með sjúkradagpeninga, sjúkrastyrki, starfsmenntasjóði, orlofshús og almenna lögfræðipjónustu fyrir félagsmenn. Einnig starfar Virk starfsendurhæfingarsjóður á vegum stéttarfélaganna.

Hvað gerir VIRK fyrir mig?

Ef starfsgeta þín er skert vegna heilsuþrestra getur þú leitað aðstoðar hjá ráðgjafa sjúkrasjóðs stéttarfélagsins þíns. Ráðgjafinn aðstoðar þig við að efla færni þína og vinnugetu. Þjónustan miðar að því að efla styrkleika þína og draga úr áhrifum hindrana á vinnugetu og þátttöku á vinnumarkaði.

Getur atvinnurekandinn ákveðið í hvaða félag ég greiði?

Atvinnurekandi ber að fara eftir þeim reglum sem gilda á vinnumarkaði og getur ekki ákveðið fyrir hönd starfsmanna fyrirtækisins til hvaða félags þeir eiga að greiða.

Eru sömu laun í öllum stéttarfélögum?

Í öllum kjarasamningum er kveðið á um lágmarkslaun sem þýðir að ekki megi greiða lægra en lágmarkstaxta. Enginn kjarasamningur eða stéttarfélag hamlar því að ekki megi greiða meira. Það er öllum frjálst að greiða góð laun óháð félagsaðild. Öll félög hvetja til bættra kjara. Lágmarkstaxti er ekkert lögmál.

Þetta svarar vonandi einhverjum spurningum. Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins og um kaup og kjör og réttindamál er að finna á heimasíðunni www.verkvest.is. Starfsfólk á skrifstofu Verk Vest á Ísafirði, og Patreksfirði er ætíð tilbúið að svara spurningum þínum. Skrifstofan á Ísafirði er í Pólgötu 2, opin 8-16 alla virka daga, síminn er 456-3190. Skrifstofa verkalýðsfélaganna á Ísafirði þjónar einnig félögum í Félagi járníðnaðarmanna.

Órjúfanleg samstaða launafólks skilaði góðum kjarasamningum



Finnboði Sveinbjörnsson

Árið 2015 var mikið átakaár á íslenskum vinnumarkaði og var ljóst frá upphafi kjaraviðræðna að mjög myndi reyna á samstöðu launafólks til að ná fram bættum kjörum. Verkalýðshreyfingin með Starfsgreinasamband Íslands (SGS) í broddi fylkingar fór fram með mjög sanngjarnar kröfur um hækkun lægstu launa. Var stefnan sett á að ná lágmarkslaunum í 300.000 krónur á samningstím-

anum. Ekki voru allir á einu máli um aðferðir SGS í kjarabaráttunni og fékk samninganefnd SGS jafnvel gagnrýni úr röðum aðildarfélaga ASÍ. Félagsmenn í SGS létu slíka gagnrýni ekki á sig fá og héldu kröfunni um 300.000 krónu lágmarkslaun hátt á lofti allan tímann. Hver var svo niðurstaðan? Jú, 300.000 króna lágmarkslaun hafa verið rauði þráðurinn í nánast öllum kjarasamningum sem gerðir hafa verið jafnt á almenna og opinbera vinnumarkaðnum. Má segja að kröfur verkafólks um hækkun lágmarkslauna hafi orðið einskonar þjóðarkrafa almennings á Íslandi sem blóskraði hve lök launakjör verkafólks í raun eru. Þessum mikla árangri er ekki síst hægt að þakka félagsmönnum aðildarfélaga SGS sem Verk Vest er aðili að. En árangurinn náðist ekki átakalaust, því fer víðsjarri.

Eftir mjög harðar viðræður sem höfðu staðið í rúmlega 5 mánuði var ljóst að nýjir kjarasamningar yrðu ekki gerðir án átaka. Forystufólk í verkalýðshreyfingunni fann fyrir mikilli samstöðu meðal félagsmanna sem kröfðust aðgerða ef ekki semdast. Varð því úr að kjósa um allsherjarverkföll meðal félagsmanna innan SGS og hófust aðgerðir 30. apríl. Fleiri aðildarfélög ASÍ bættust síðan í hópinn með boðun verkfallsaðgerða ef ekki yrði gengið til samninga á grundvelli kröfugerðar. Þegar ljóst var að landið yrði meira og minna lamað í verkfallsátökum þegar kæmi fram á sumar náðist loks lending og var nýr kjarasamningur samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta félagsmanna Verk Vest. Meginmarkmiðum var náð, 300.000 krónu krafan var í höfn og hækkun lægstu launa umfram önnur laun náði fram að ganga.

Allan tímann meðan á samningaviðræðum stóð dundi á verkafólki harður áróður úr röðum atvinnurekenda og bankamanna með Seðlabankastjóra fremstan í flokki. Heimsendaspár um hrún stærra en efnahagshrunið árið 2008 yrðu að veruleika ef samið yrði við verkafólk um 300.000 króna lágmarkslaun. Því var haldið fram að atvinnuleysi myndi aukast, verðbólga færi úr böndunum og kaupmáttur myndi rýrna sem aldrei fyrr. En hver varð reyndin? Verðbólga er með lægsta

móti eða 2% og hefur vart mælst lægri um langan tíma þrátt fyrir ítrekaðar spár Seðlabanka og greiningadeilda bankanna um aukinn verðbólguþrýsting. Eftirspurn er eftir vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði og atvinnuleysi hefur farið minnkandi og gjaldþrotum hefur fækkað um 18% á árinu. Kaupmátturinn hefur ekki rýrnað heldur þvert á móti hefur hann verið umfram verðlag þrátt fyrir að seðlabankastjóri hafi ítrekað hækkað stýrivexti til að rýra kaupmátt launafólks. Það er bæði gömul saga og ný að fjármálaspekúlantar hafi rangt fyrir sér um íslenska hagkerfið og ekki í fyrsta sinn sem þeir skjóta yfir markið. Var ekki efnahagshrunið einmitt í boði banka og fjármagnseigenda? Ekki var hægt að kenna verkafólki um, svo mikið er víst.

Því miður sannast það aftur og enn að við búum í samfélagi þar sem tryggt er að þeir ríku verði ríkari og sjálfstökuliðið sem skammtar sín eigin laun hefur enga sómatilfinningu gagnvart launakjörum verkafólks. Tvö mjög nýleg dæmi sanna að svo sé með mjög áþreifanlegum hætti. Fyrst ber að nefna hækkun launa peningastefnunefndar Seðlabankans sem hækkaði eigin laun um 100.000 krónur á mánuði. Þessi sama nefnd með Seðlabankastjóra í broddi fylkingar gagnrýndi mjög 25.000 króna hækkun taxtalauna verkafólks. Hitt dæmið er úrskurður kjararáðs um laun Alþingismanna og annarra embættismanna á Íslandi. Kjararáð ákvað að hækka laun embættis- og ráðamanna um 9,3% með afturvirkri hækkun frá 1. mars 2015. Hækkunin skilaði þessum hópi frá 60.000 - 200.000 króna hækkun mánaðarlauna ásamt eingreiðslu frá 540.000 - 1.800.000 krónum miðað við afturvirkniákvæði! Á sama tíma fékk verkafólk 25.000 krónur í launahækkun en aldrei og öryrkjar voru skilin eftir út í kuldanum og mega áfram leypja dauðann úr skel. Byggjum réttlátt samfélag eða hitt þó heldur.

En baráttan heldur áfram og er langt í frá lokið. Nú stendur launafólk á Íslandi frammi fyrir mjög krefjandi verkefni. Verkefni sem mun reyna meira á stéttarfélögin og innviði þeirra en hefur þekkt í seinni tíð. Verkefnið er kennt við svokallað SALEK samkomulag. Félagsmenn innan ASÍ hafa lengi kallað eftir stöðugleika á vinnumarkaði og aukinn kaupmátt. Í SALEK samkomulaginu er lagður grunnur að slíkri leið. En leiðinni fylgir fórnarkostnaður sem félagsmenn verða spyrja sig hvort þeir séu tilbúnir að færa. Felst fórnarkostnaðurinn fyrst og fremst í skerðingu á samningsfrelsi sem kemur fram í því að allt svigrúm kjarasamninga verður fyrirfram ákveðið af svokölluðu Þjóðhagsráði. Ef það er leið sem tryggir stöðugleika og kaupmáttaraukningu verða félagsmenn að sjálfsgöðu að spyrja sig hvort þeir eru tilbúnir að selja samningsfrelsið í skiptum fyrir slíkt samkomulag. Er það ásættanlegur fórnarkostnaður?

Finnboði Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Fréttablað Verkalýðsfélags Vestfirðinga
6. árg. 1. tbl. desember 2015

Ritstjórn: Finnboði Sveinbjörnsson (ábyrgðarmaður),
Eygló Jónsdóttir og Sigurður Pétursson.

Prentun og umbrot: Athafnagleði ehf, Ísafirði

Forsíðumynd: Finnboði Sveinbjörnsson.

Vestfirskt logn í Kollafirði í Austur-Barðastrandarsýslu. Vegurinn upp á Klettsháls til vinstri.



Verkalýðsfélag Vestfirðinga - verkvest.is

Pólgötu 2, 400 Ísafirði - Opið alla virka daga 8.00 – 16.00
Sími 456 5190 - Fax 456 3113 - Netfang: postur@verkvest.is
Patreksfirði: Aðalstræti 5. Opið 10 – 16
Sími 456 5190 - Netfang: patro@verkvest.is

Afmæling Starfs- greinasambands Íslands



Fimmta þing Starfsgreinasambands Íslands var haldið 14.–15. október. Þingið samþykkti þrjár ályktanir um atvinnumál, húsnæðismál og kjaramál og starfsáætlun til næstu tveggja ára. Þá sá þingið ástæðu til þess að samþykkja tvær yfirlýsingar, annars vegar stuðning við baráttu starfsfólks álvers Rio Tinto á Íslandi og hins vegar yfirlýsingu vegna þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við stofnun Stjórnstöðvar ferðamála.

Björn Snæbjörnsson úr Einingu-Iðju í Eyjafirði var endurkjörinn

formaður sambandsins til næstu tveggja ára og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir úr Afli á Austfjörðum var endurkjörin varaformaður. Í framkvæmdastjórn SGS voru auk þeirra kosin þau Aðalsteinn Á. Baldursson (Framsýn stéttarfélag), Halldóra Sveinsdóttir (Báran stéttarfélag), Kolbeinn Gunnarsson (Vlf. Hlíf), Sigurður A. Guðmundsson (Vlf. Snæfellinga) og Ragnar Ólason (Efling stéttarfélag). Framkvæmdastýra sambandsins er Drífa Snædal.

Myndir frá þinginu tók Árni Steinar Stefánsson starfsmaður SGS.



Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ, Grétar Þorsteinsson fyrrum forseti og Pétur Sigurðsson fyrrum forseti ASV í góðum félagskap á afmælisráðstefnu Starfsgreinasambandsins.



Frá afmælisráðstefnu SGS. Guðmundur J. Guðmundsson fyrrum formaður Dagsbrúnar og Verkamannasambandsins á skjánum.



Björn Snæbjörnsson formaður og Hjördís Þóra Sigþórsdóttir varaformaður skera afmælistertuna í tilefni 15 ára afmælis SGS.



Ályktun um kjaramál

Fimmta reglulega þing SGS haldið í Reykjavík 14. – 15. október 2015 leggur áherslu á aukinn kaupmátt. Þá verði áfram lögð áhærsla á hækkun lægstu launa með því að launahækkanir verði almennt í krónutölum. Þannig verði til framtíðar hægt að lifa af dagvinnulaunum.

Einnig gerir þing SGS þá kröfu að lífskjör á Íslandi verði sambærileg og á öðrum Norðurlöndum þar sem tekist hefur að tryggja efnahagslegan stöðugleika, ásamt því að byggja upp kaupmátt í jöfnum og öruggum skrefum. Leggja þarf áherslu á víðtæka samstöðu innan hreyfingarinnar með bætt vinnubrögð og nýjar lausnir við gerð kjarasamninga.

Þá krefst þing SGS þess að lífeyrisréttindi milli almenna og opinbera kerfisins verði jöfnuð. Mikilvægt er að verja réttindi félagsmanna og stuðla að aukinni fræðslu, sér í lagi hjá ungu fólki.

Ályktun um atvinnumál

5. reglulega þing Starfsgreinasambands Íslands haldið í Reykjavík 14. og 15. október 2015 lýsir yfir þungum áhyggjum af auknu umfangi svartrar atvinnustarfsemi og félagslegra undirboða á Íslandi. Vandamál þessi birtast m.a. með óheilbrigðu atvinnulífi þar sem heiðarlegum aðilum er gert erfitt um vik með samkeppni við óprúttna aðila sem óhikað telja það í lagi að ganga á lágmarksréttindi launafólks í því einu skyni að auka hagnað sinn. Atvinnulíf á Íslandi, þá sérstaklega ferðaþjónusta, á ekki að byggjast upp á skammtímahugsun, félagslegum undirboðum og ósjálfbærum ofsagróðavonum. Þessum málaflökki hefur verið illa sinnt og pólitískar ákvarðanir teknar um að velkja stofnanir sem telja sig ekki geta sinnt lögbundnum skyldum sínum. Því eru stjórnvöld ekki undanskilin ábyrgð á ríkjandi ástandi.

5. þing SGS telur að blómlegt atvinnulíf byggist á fjölbreyttum störfum um land allt. Mikilvægt er að verðmæt störf verði til sem víðast til að tryggja atvinnuöryggi. Brýnt er að efla innviði á borð við samgöngur, raforku og fjarskipti til þess að jöfn tækifæri til atvinnusköpunar séu um allt land. Jafnframt er brýnt að atvinnuuppbygging sé í sátt við samfélag og umhverfi.

Með vísan í framangreint leggur þing SGS áherslu á að:

- Fjárfest verði í innviðum atvinnulífs og nýsköpun til að tryggja fjölbreytt störf um land allt.
- Tryggja stöðugleika fyrir launafólk og atvinnulíf.
- Stórbæta starfsmenntun í ferðaþjónustu og viðurkenna að menntun sé atvinnumál.
- Berjast gegn svartri atvinnustarfsemi og félagslegum undirboðum en þar hafa stjórnvöld brugðist.
- Auka fræðslu um réttindi og skyldur til jaðarhópa á vinnumarkaði t.d. gagnvart erlendum ríkisborgurum og ungu fólki.
- Efla eftirlit með starfsmannaleigum og erlendum fyrirtækjum sem koma hingað til lands til að veita þjónustu.
- Stórbæta regluverk til að sporna gegn kennitölflakki.
- Auka virðingu fyrir launafólki, bæta aðbúnað og huga að velferð á vinnustöðum.

Ályktun um húsnæðismál

Fimmta reglulega þing Starfsgreinasambands Ísland, haldið í Reykjavík 14. – 15. október 2015, krefst þess að stjórnvöld standi við gefin loforð um úrbætur í húsnæðismálum og fylgi eftir yfirlýsingum sínum þess efnis með framkvæmdum og fjármagni. Brýnasta verkefni stjórnvalda nú um stundir er að tryggja tekjulægri heimilum viðunandi úrræði í húsnæðismálum.

Starfsgreinasambandið stendur nú sem fyrr vaktina og fylgir fast eftir kröfunni um að öllum landsmönnum verði tryggð sú grundvallar velferð að búa í öruggu og góðu húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Fjöldi fólks er í brýnum húsnæðisvanda, býr við viðvarandi óöryggi í húsnæðismálum og greiðir allt of stóran hluta tekna sinna til öflunar húsnæðis. Ungt fólk og tekjulágar fjölskyldur hafa ekki bolmagn til kaupa á húsnæði eða burði til að greiða háa húsaleigu á almennum leigumarkaði. Þá stendur þeim ekki til boða aðgengi að félagslegu húsnæðiskerfi sveitarfélaganna.

Starfsgreinasambandið leggur áherslu á:

- Að byggt verði upp félagslegt leigubúðakerfi þar sem tekjulág heimili geta leigt gott húsnæði á viðráðanlegu verði til lengri tíma og hafi tækifæri til að færa sig til þegar fjölskylduaðstæður breytast. Uppbyggingin verði sem víðast þar sem þörf er á félagslegum húsnæðislausnum.
- Stuðningur við leigjendur verði aukinn og réttarstaða þeirra tryggð. Mikilvægur liður í því er að Alþingi samþykki nú þegar fyrirleggjandi frumvarp um nýtt kerfi húsnæðisbóta.
- Fjármögnun íbúðarhúsnæðis er of dýr og áhættusöm, ekki síst fyrir lágtekjufólk. Koma þarf á nýju húsnæðislánakerfi sem tryggir lægri vexti og skiptir áhættu milli lántaka og lánveitenda með réttlátari hætti en nú er.
- Stjórnvöld hraði vinnu við endurskoðun á byggingareglugerð svo mögulegt verði að byggja gott en hagkvæmara íbúðarhúsnæði.
- Auðvelda þarf fólki að eignast sitt fyrsta húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Endurskoða þarf reglur um greiðslumat og koma á húsnæðissparnaðarkerfi með skattaafslætti sem gerir fólki kleift að safna fyrir útborgun.

Starfsgreinasamband Íslands lýsir yfir fullum vilja til að leggja sitt af mörkum með stjórnvöldum og hlutaðeigandi aðilum við að hrinda í framkvæmd þessum brýnu úrbótum í húsnæðismálum.

Desemberuppþót 2015



Desemberuppþót skal greidd ekki síðar en 15. desember, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem hafa verið samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember. Fullt ársstarf telst 45 unnar vikur eða meira.

Full desemberuppþót 2015 er sem hér segir:

Verkafólk, starfsmenn á veitinga-, þjónustu- og greiðasölustöðum, beitningamenn á smábátum, starfsmenn á bændabýlum, starfsmenn ríkisstofnana	78.000 kr.
Verslunar- og skrifstofufólk	78.000 kr.
Iðnaðarmenn og iðnnemar	78.000 kr.
Kalkþörungaversmiðjan Bíldudal	84.525 kr.
Þörungaverksmiðjan Reykhólum	115.844 kr.
Starfsmenn sveitarfélaga	100.700 kr.



Ályktun formannafundar ASÍ: Skortur á samráði, órói og átök einkenna vinnumarkaðinn!



Formannafundur aðildarféлага Alþýðusambands Íslands haldinn 28. október 2015 sendi frá sér eftirfarandi ályktun um kjaramál:

Formannafundur ASÍ lýsir yfir áhyggjum af stöðu efnahags- og kjaramála. Skortur á samstöðu, órói og átök hafa einkennt íslenskan vinnumarkað, allt frá því að þeirri launastefnu sem samið var um á almennum vinnumarkaði í árslok 2013 var hafnað. Síðan þá hefur hver hópur á vinnumarkaði farið fram og reynt að rétta sinn hlut óháð því hvaða áhrif slíkt hefði á aðra hópa eða hagkerfið. Niðurstaðan er sú að horfur eru á vaxandi verðbólgu og hækkandi vöxtum.

Fundurinn telur mikilvægt að breyta um vinnubrögð við gerð kjarasamninga og horfa til þess hvernig við getum byggt upp kaupmátt til framtíðar með raunverulegum verðmætum. Þar getum við lært margt af félögum okkar á öðrum Norðurlöndum. Þar er mikil lagt upp úr ábyrgð, aga og vönduðum undirbúningi til að tryggja sem hagfelldasta útkomu fyrir launafólk. Nýtt samningalíkan byggi á Norrænu samfélagsgerðinni sem grundvallast á þeirri sýn að nota hagvöxt og aukna verðmætasköpun til þess að bæta lífskjör og tryggja jöfnuð. Meiri verðmæti eru sótt í aukinn útflutning en forsendan er sterk samkeppnisstaða, frjáls utanríkisviðskipti og aðgangur að mörkuðum. Samstaða og sameiginlegur skilningur er á því að skipta verður auknum verðmætum með sanngjörnum hætti með áherslu á bætt lífskjör, jöfnuð og traust velferðarkerfi.

Formannafundur ASÍ telur mikilvægt þróað verði íslenskt samningalíkan þar sem horft verði til þeirra vinnubragða sem tíðkast hafa á Norðurlöndunum. Fyrsta skrefið í þá átt er að tryggja sem best jafnræði milli hópa í launaþróun á komandi misserum, þar með talið að jafna lífeyrisréttindi milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, tryggja meira jafnræði varðandi áhrif launaskriðs og jafna kynbundinn launamun á vinnumarkaði. Þá verða allir hópar að axla ábyrgð á breyttum vinnubrögðum. Þannig getum við í sameiningu náð hámarksárangri við að byggja upp kaupmátt og efla lífskjör til lengri tíma litið.

Formannafundurinn styður það rammisamkomulag sem undirritað var af helstu viðsemjendum á almennum og opinberum vinnumarkaði 27.10.2015 um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga og telur það leggja grunn að bættum lífskjörum launafólks til framtíðar.

Jafnframt áréttar formannafundurinn mikilvægi þess að stjórnvöld taki upp ábyrga hagstjórn og breytta peningastefnu sem hafi að markmiði að treysta stöðugleika. Það er á ábyrgð stjórnvalanna að tryggja félagslegan stöðugleika og víðtæka sátt um forgangsróðun í velferðarmálum, einkum heilbrigðis-, mennta- og húsnæðismálum.



Klukk – tímaskráningarapp

Klukk er nýtt frítt tímaskráningar app fyrir launafólk sem kemur væntanlega á markað í febrúar. Hugmyndin er að notandi skrái vinnutíma sína með appinu og hafi þannig yfirsýn yfir unna tíma. Hugmyndin varð til eftir ábendingar frá stéttarfélagunum þar sem ítrekað koma inn á borð deilur um unnar vinnustundir auk þess sem nemendur hafa rætt þetta sama vandamál þegar fulltrúar ASÍ hafa farið í fræðslu heimsóknir í framhaldsskólana.

Hvað er Klukk?

1. App fyrir Android/iOS.
2. Stimpilklukka sem skráir vinnutíma og heldur yfirlit yfir alla skráða tíma.
3. Hægt að senda gögnin á sjálfan sig og vinnuveitenda ef með þarf.
4. Staðsetningarbúnaður.

Lykilatriði er einfaldleiki og að skráning verði í sem fæstum skrefum. Það er einnig mikilvægt að staðsetning (vinnustaður) inn- og útskráningar sé vistuð. Forritið safnar upp vinnutímum starfsmanns fyrir hvern mánuð og hvert ár ef því er að skipta.

Dæmi um virkni:

Námsmaður fer úr skólanum til vinnu í verslun. Hann mætir klukkan 16, dregur upp snjallsímann og „klukkar sig inn“. Appið byrjar að telja vinnutímana. Í lok vinnudags „klukkar“ hann sig út. Einnig er mögulegt að nota staðsetningarbúnað símans þannig að þegar viðkomandi kemur á vinnustað þá spyr síminn hvort hann vilji skrá sig inn. Það sama gerist þegar hann yfirgefur staðinn.

Í lok mánaðar fer námsmaðurinn í „Tímaskýrsla“ í veftrénu þar sem hann sér yfirlit yfir unnar vinnustundir, flokkað að eftir mánuðum/dögum. Hann sendir svo yfirlitið á sjálfan sig í tölvupósti þar sem það birtist í Excel-skjali.

Fyrirtækið sem ASÍ valdi til samstarfs í þessu verkefni heitir Stokkur en það hefur sérhæft sig í gerð appa og á heiður af nokkrum vinsælustu öppum landsins eins Strætó, Dominos, Veður, 112 og Nova.



Fanney Pálsdóttir

Hvað er starfsendurhæfing?

Eftir veikindafjarvistir komast flestir aftur til vinnu án þess að þurfa aðstoð starfsendurhæfingar en í einhverjum tilfellum eru aðstæður þannig að endurkoma til vinnu er ómöguleg til skemmri tíma lítið. Í þeim tilfellum er þörf á atvinnutengdri endurhæfingu til að aðstoða einstaklinga sem hafa átt við heilsuþrest að stríða við að komast aftur til vinnu á almennum vinnumarkaði. Þjónustan er því hönnuð til að draga úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.

Tilgangur þjónustunnar er einnig að aðstoða þá sem hafa verið á örorku og sökum bættrar heilsu treysta sér til að snúa aftur til vinnu. Í þeim tilfellum er þörf fyrir aðstoð við að auka starfsgetu til að geta mætt kröfum vinnumarkaðarinnar. Reynt er í samstarfi við vinnumarkaðinn að skapa tækifæri í almennu vinnuumhverfi til að byggja upp starfsgetu og þar eru atvinnurekendur mjög mikilvægur hlekkur.

Fyrstu skrefin

Þeir einstaklingar sem hafa það að markmiði að verða virkir þátttakendur eða auka þátttöku sína á vinnumarkaði verða fyrst að leita til síns læknis. Í samtali við lækni er þá metið hvort þjónustan sé raunhæf á þeim tímapunkti, hvort geta sé til staðar til að sinna starfsendurhæfingu. Ef læknir telur svo vera þá vísar hann einstaklingi til Virk starfsendurhæfingarsjóðs með tilvísun í þjónustu Virk.

Þegar tilvísun hefur borist Virk starfsendurhæfingarsjóði þá hefst þar ákveðið matsferli byggt á upplýsingum frá þeim lækni sem sendir beiðni um þjónustu. Metið er hvort vísa eigi beint í þjónustu ráðgjafa eða hvort nánara mat þurfi á því hvort þjónustan sé raunhæf. Í einhverjum tilfellum er hægt að meta út frá upplýsingum læknis að þjónustan sé ekki raunhæf að svo stöddu og þá er málinu vísað í önnur úrræði innan velferðarkerfisins.

Endurhæfingarferli

Þegar málum er vísað til ráðgjafa Virk fer í gang ákveðið starfsendurhæfingarferli sem felur í sér markvissa einstaklingsbundna ráðgjöf sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings. Ráðgjafar vinna að því að efla áhugavöt til vinnu, unnið er með hindranir og styrk-

leikar nýttir til að setja fram raunhæf markmið og finna leiðir til að ná settu marki. Áhersla er lögð á endurkomu til vinnu eins fljótt og mögulegt er í samstarfi við úrræðaaðila og þá sérfræðinga sem að málinu koma.


Þeir sem þurfa á þjónustu ráðgjafa Virk eru í yfir 70% tilfella að glíma við skerta starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/ eða stoðkerfisvandamála og getur þjónustan því í flestum tilfellum aukið bæði lífsgæði sem og vinnugetu þeirra sem til okkar leita. Starfsendurhæfing er ekki heilbrigðisþjónusta heldur vinnumarkaðsúrræði en starfar í nánu samstarfi við heilbrigðiskerfið og þá aðila sem þar starfa.



Aðstoð sem borgar sig margfalt

Fötuln eða skerðing á starfsgetu þarf ekki að leiða til örorku, allir geta gert eitthvað og margir vilja taka þátt á vinnumarkaði. Okkar hlutverk er að aðstoða þá einstaklinga sem vilja taka þátt í að snúa aftur til vinnu. Virk starfsendurhæfingarsjóður horfir til bæði samfélagslegs og fjárhagslegs ávinnings af þjónustunni. Niðurstaða Talnakönnunar hf. fyrir árið 2014 er sú að ávinningur þjódarþúsins af starfi Virk á því ári hafi verið um 11,2 milljarðar króna.

Fanney Pálsdóttir, ráðgjafi Virk á Vestfjörðum.



Smári Haraldsson forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Nám í fiskvinnslu og fiskeldi



Þátttakendur í raunfærnimati á Hólmavík, á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Námsframboð fyrir fólk í sjávarútvegi er býsna fjölbreytt. Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur bæði komið að kennslu í sjávarútvegstengdum greinum og einnig tekið þátt í ýmisskonar þróunarstarfi á þessu sviði. Í þessari samantekt verður gerð stutt grein fyrir nokkru af því sem í boði er fyrir fólk í fiskvinnslu og fiskeldi. Námsframboði fyrir sjómenn er alveg sleppt, en það er fjölbreytt og vaxandi með betri fjarskiptatækni.

Námskeiðahaldi fyrir fiskverkafólk hófst árið 1985 og í kjarasamningum árið 1986 komu inn ákvæði um þessi námskeið, sem m.a. fólu í sér að með námskeiðunum fékk fólk nokkra launahækkun auk starfsheitisins sérhæfður fiskvinnslumaður.

Grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk

Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk var hannað af Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar um miðjan 9. áratug síðustu aldar. Fram til ársins 2007 var námið hjá sjávarútvegsráðuneytinu en þá færðist það yfir til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og varð ein af vottuðum námsleiðum þeirrar stofnunar. Uppúr því varð kennslan á höndum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna. Með tilkomu Fræðslusjóðs

Trúnaðarmenn Verk Vest á námskeiði



Trúnaðarmenn Verk Vest ásamt Guðmundi Hilmarssyni frá Félagsmálaskóla alþýðu. Á myndina vantar tvo þátttakendur.

Trúnaðarmenn Verk Vest sóttu námskeið í október sem haldið var í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu. Námskeiðið er hluti af kjarasamningsbundinni fræðslu trúnaðarmanna og var góð mæting víða af félagssvæðinu. Námskeiðið var haldið á Hótel Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi og er þetta í fimmta sinn sem félagið heldur námskeið í Reykjanesi. Öll aðstað er þar til fyrirmyndar og það sem mestu máli skiptir; trúnaðarmenn eru mjög ánægðir með staðsetninguna.

Á fyrri hluta námskeiðsins var farið yfir helstu atriði sem felast í starfi trúnaðarmannsins. Þar með aðstoð hans á vinnustað þegar kemur að kjarasamningsbundnum úrlausnarefnum. Trúnaðarmenn fengu ítarlega yfirferð um vinnutíma, uppsetningu launaseðla og hvíldartímaákvæði. Í síðari hluta námskeiðsins var farið yfir slysatryggingar og réttindamál. Sérstaklega var farið yfir uppsagnir, réttindi og skyldur ásamt vanefndum ráðningarsamninga. Næsta námskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins verður haldið í 21. - 22. janúar 2016.

framhaldsfræðslunnar kom fjármagn þaðan til að reka námið, en áður hafði það komið í gegnum Starfsfræðslunefndina.

Grunnnámskeiðið er 40 klukkustunda nám, eða ein vinnuvika. Það var alltaf kennt á vinnutíma og heldur fólk launum sínum á meðan á náminu stendur. Á Vestfjörðum hafa fjölmargir tekið grunnnámið, þar af um 240 hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Viðbótarnám

Í kjarasamningum í maí 2011 var ákveðið að semja 15 klst. bókleg viðbótarnámskeið fyrir starfandi fiskvinnslufólk, sem lokið hafði 40 klst. grunnnámskeiðinu. Var Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf falið verkefnið og jafnframt að sjá um kennslu á því fyrst í stað.

Í mars 2014 var ákveðið að sameina grunn- og viðbótarnámið og kom út úr því 48 klst. námskrá sem skiptist í tólf bóklega námsþætti. Er þessi nýja námskrá nú í vottunarferli hjá Menntamálastofnun. Þegar vottun hefur fengist mun Fræðslusjóður framhaldsfræðslunnar veita fjármagni til kennslunnar að 85% hluta eins og til annarra vottaðra námsleiða. Fræðslumiðstöð Vestfjarða er hvenær sem er reiðubúin til að kenna þessa námskrá og eru fyrirtæki, starfsfólk og stéttarfélag hvött til að taka höndum saman með Fræðslumiðstöðinni og koma þessu námi á sem víðast í Fjórðungnum.

Framhaldsskólanám

Fisktækniskóli Íslands ehf býður nám í fiskvinnslu og fiskeldi á framhaldsskólastigi. Skólinn er með höfuðstöðvar í Grindavík, en starfsemi víðar um landið. Fisktækniskólinn rekur þrjár námsbrautir, sem eru í fiskvinnslu, fiskeldi og sjómennsku. Hver námsbraut er 4 annir (2 ár) með vinnustaðanámi.

Raunfærnimat

Á undanföllum árum hefur verið þróað svokallað raunfærnimat í ýmsum greinum. Þá er þekking og hæfni fólks, sem það hefur aflað sér á vinnumarkaði og í lífinu, metin á móti ákveðnu námi eða starfi. Matíð er þannig hannað að það á að sýna nákvæmlega hvað viðkomandi getur og jafngilda námi eða starfsþjálfun. Þegar viðmiðið er nám í skóla er viðkomandi námsskrá lögð til grundvallar og metið hvað viðkomandi kann á móti áföngum í náminu. Staðinn áfangi í raunfærnimati jafngildir algjörlega stöðnum áfanga í námi. Þannig getur fólk flýtt námi sínu og þarf ekki að sitja áfanga sem það hefur þegar góð tök á.

Raunfærnimat var fyrst þróað í iðngreinum, en síðar í fleiri greinum og þar á meðal í fiskvinnslu. Þá er viðmiðið námskrá Fisktækniskóla Íslands. Á síðasta ári gengust 19 manns undir raunfærnimat í fiskvinnslu hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, þar af 14 á Ströndum. Heildarþjöldi staðinna eininga voru 823 framhaldsskólaeiningar. Verkefnið var unnið í nánu samstarfi við Fisktækniskólann og komu matsaðilar þaðan. Fræðslumiðstöðin hefur sótt um fjármagn til raunfærnimats fiskvinnslu og fiskeldi á næsta ári.

Í framhaldi af raunfærnimatinu gerðu Fræðslumiðstöðin og Fisktækniskólinn með sér samning um nám í fiskvinnslu á Ströndum og fóru flestir þeirra sem undir raunfærnimatið gengu í námið. Er vonast til að sama fyrirkomulag geti orðið víðar á Vestfjörðum.

Fiskeldi

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hafði forystu um að taka saman námskrár í fiskeldi. Samstarfsaðilar voru Eldsklasi Vestfjarða, Fisktækniskóli Íslands ehf og Náttúrustofa Vestfjarða. Afurð verkefnisins urðu 4 námskrár; fyrir seiðaeldi, sjókvíeldi og landeldi auk einnar sem myndar sameiginlegan kjarna.

Þessar námskrár biða nú vottunar, en að henni lokinni verður hægt að fara að kenna eftir þeim; vonandi á vormisseri 2016.

Námskrámar eru byggðar á viðamiklum þarfagreiningum hjá fiskeldisfyrirtækjum og á að vera hægt að kenna þær sem heilar námskrár eða staka námsþætti.

Formannafundur Sjómannasambands Íslands krefst ítarlegrar rannsóknar á skipskaða Jóns Hákon BA 60



Frá formannafundi SSÍ á Hótel Ísafirði. Valmundur Valmundsson formaður Sjómannasambandsins í ræðustól. Formannafundur SSÍ er haldinn það ár sem ekki er reglulegt þing sambandsins.

Formannafundur aðildarfélaganna Sjómannasambands Íslands (SSÍ) var haldinn á Ísafirði dagana 9. - 10. október. Kjara- og öryggismál sjómanna ásamt verðmyndun sjávaraflla voru helstu málefni fundarins. Á fundinum var farið ytarlega yfir stöðu kjaraviðræðna við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS áður LÍÚ). Deiluaðilar hafa sammælt um að leggja stóru ágreiningsefnin til hliðar, svo sem helstu kröfu útgerðarmanna um breytingar á hlutaskiptakerfinu. Öryggismál sjómanna og aðbúnaður um borð í íslenskum fiskiskipum og bátum er jafnan eitt af stóru málunum sem eru rædd á formannafundum SSÍ. Í umræðum eftir sjóslysið í júlí þegar Jón Hákon BA 60 fór, kom fram sú krafa frá hagsmunasamtökum sjómanna að ítarleg rannsókn fari fram á því hvers vegna skipið sökk. Of kostnaðarsamt var talið að sækja skipið, þar sem það liggur á 80 metra dýpi, til að taka það upp til rannsókna. Öll sjóslys á að rannsaka með faglegum hætti og ekki síst þegar mannskaði verður. Þá á ekki að skorta fjárveitingar svo hægt verði að ljúka fullnaðarrannsókn. Formannafundurinn samþykkti því eftirfarandi ályktun:

Í ljósi þeirrar umræðu sem skapaðist eftir að Jón Hákon BA 60 sökk á Aðalvík, þar sem mannskaði varð, krefst formannafundur Sjómannasambands Íslands þess að fram fari ítarleg rannsókn á hvers vegna skipið sökk.

Forystumenn sjómannafélaga innan SSÍ krefjast þess einnig að allt verði gert, til að hægt verði að skera úr um með öyggjandi hætti hvað olli þessu hörmulega slysi. Til þess að svo megi verða þá verður strax að ráðast í að ná skipinu af hafsbotni. Þar má fjárveiting úr ríkissjóði ekki vera fyrirstaða. Sjómenn eiga heimtingu á að vita hvers vegna stöðugleiki skipsins skertist svo mikið að það sökk. Einnig eiga sjómenn heimtingu á því að allir aðilar sem koma að öryggis og slysavörnum sjómanna taki saman höndum og tryggji að svona slys endurtaki sig ekki. Þar verði horft sérstaklega til þess að sjálfvirkur björgunarbúnaður virkaði ekki þegar slysið varð.

Sjómenn verða geta treyst á öryggisbúnað um borð í bátum og skipum. Slikur búnaður virki og sé ávallt í fyrsta flokks ástandi. Alls ekki má varpa rýrd á ótvíræða kosti sjálfvirka sleppibúnaðarins

enda hefur hann bjargað fjölda mannlífa á íslenskum bátum og skipum. Rannsóknir á sjóslysum við Ísland eiga að vera í fremstu röð og unnin með faglegum hætti. Í þeim efnum má ekki draga úr fjárveitingum til málaflokksins. Sjómenn eiga heimtingu á því skoðað verði ofan í kjölinn í hvaða úrbætur þurfi að ráðast svo sjóslys eins og á Jóni Hákon BA 60 endurtaki sig ekki.

Reynt verður að ná Jóni Hákon BA af hafsbotni

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur rannsakað sjóslysið þegar fiskveiðiskipið Jón Hákon BA 60 sökk við Aðalvík 7. júlí síðastliðinn. Nefndin hefur upplýst ráðuneytið um að hún telji nauðsynlegt að ná skipinu af hafsbotni til að ljúka rannsókn slyssins og hefur nefndin ákveðið að það verði reynt.

Ekki er fyllilega ljóst á þessari stundu hvað verkið muni kosta en það ræðst af ýmsum þáttum svo sem aðstæðum á slysstæð. Ráðuneytið hefur komið því á framfæri við nefndina að það muni styðja við verkefnið sé þörf á því. Stefnt er að því að hefja aðgerðir á næstu vikum eða strax og aðstæður leyfa.

Vefur Innanríkisráðuneytisins 16. nóvember 2015.



Konráð Alfreðsson, Sjómannafélagi Eyjafjarðar, ræðir málin við Sævar Gestsson frá Verk Vest í Ósvörinni í Bolungarvík.

Nýr orlofshúsavefur - Frímánn

Verk Vest hefur tekið í notkun nýjan orlofshúsavef sem er aðgengi-
legur til bókana á netinu. Helstu breytingar felast í því að nú gengur
félagsmaðurinn algjörlega frá bókuninni á netinu, greiðir og prentar
út samning. Ekki verður hægt að taka frá bústaði eða íbúðir fram í
tímann án þess að borga leiguna strax. Einnig verður sú breyting gerð
að bókanir verða EKKI endurgreiddar eins og áður, heldur myndast
inneign í orlofskerfinu sem félagsmenn geta nýtt næst þegar þeir nýta
orlofsvefinn. Einnig verður hægt að kaupa ýmsa aðra þjónustu á or-
lofsvefnum sem hefur verið í boði hjá félaginu, svo sem hóteldi, veid-
ikort, útilegukort og fleira.

Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta að sjálfsögðu haft sam-
band við félagið til að panta, en verða að ganga frá greiðslu við bók-
un eins og þeir sem bóka á netinu.

Hægt er að greiða jafnt með kredit- og debetkortum gegnum vef-
gátt Valitor.

Búið er að setja upp tengil á heimasíðu félagsins, www.verkvest.is
sem við hvetjum félagsmenn til að smella á og kynna sér mjög
vel. Innskráning byggist á notkun Íslykils eða rafrænu auðkenni með
síma.



ORLOFSHÚS
BÓKANIR

Orlofsgáttin á verkvest.is



Ásholt.

Breytingar á úthlutunarreglum: Viðskilnaður og lyklar

Á fundi stjórnar Orlofssjóðs Verk Vest í nóvember var
samykkt að breyta gildandi úthlutunarreglum. Helstu
breytingar felast í því að nú er punktakerfi sem tekið var
í notkun vegna úthlutunar árið 2014 komið inn reglurnar
ásamt breytingum sem voru gerðar vegna skila og um-
gengni á orlofseignum félagsins.

Ástæða þess að breytingar eru gerðar á reglum er
vegna slæms viðskilnaðar á íbúðum. Í leigusamningum er
gert ráð fyrir að félagsmenn sjái sjálfir um þrif á íbúðum
og skili þeim hreinum og snyrtilegum. Félagið hefur boðið
félagsmönnum upp á þann möguleika að kaupa þrif gegn
vægu gjaldi. Töluvert er um að félagsmenn nýti þennan
möguleika. Allflestir skila íbúðunum í mjög góðu ástandi en
tilvik þar sem illa hefur verið gengið um og íbúðir jafnvel
ekki þrifnar hefur því miður fjölgað. Í því ljósi tók stjórn or-
lofssjóðs þá ákvörðun að setja sektargjald á "skussana".
Í slíkum tilvikum er hreingerningarfólk kallað út til að þríf-
a íbúð sem illa hafði verið skilið við og eru viðkomandi rukk-
aðir sérstaklega fyrir þau þrif.

Einnig var tekin ákvörðun um að setja lyklagjald á þá sem
ekki skila lyklum innan tilskilins tíma. Stjórn Orlofssjóðs
vonast til að þurfa ekki að beita sektarákvæðinu, en nokkur
brögð eru á að fólk skili lyklum seint og illa.

Nánari upplýsingar um breyttar reglur má finna á heima-
síðu félagsins.



Flókalundur.

Verðskrá orlofsíbúða og orlofshúsa fyrir árið 2016:

	Vikuleiga	Helgarleiga	3ja sólarhr.leiga
Reykjavík	24500	17000	13500
- stærri íbúð	26500	18500	15000
Ölfusborgir	23500	17000	13500
Svignaskarð	23500	17000	13500
Akureyri	23500	17000	13500
Bjarnaborg	23500	17000	13500
Illugastaðir	23500	17000	13500
Einarsstaðir	23500	17000	13500
Flókalundur	21000	17000	13500

Orlofsíbúðir og orlofshús Verk Vest

Ásholt 2, íbúð 201. 105 Reykjavík

Rúmgóð íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi í Ásholti 2, rétt ofan við Hlemm. Í henni eru tvö svefnherbergi, stór stofa og borðstofa, eldhús og baðherbergi. Sjónvarp, útvarp og öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður. Allur rúmfatnaður er til staðar, sængur, koddar og lín. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél, þurrkara og strauvél er á jarðhæð.



Ásholt.

Ásholt 2, íbúð 601. 105 Reykjavík

Rúmgóð íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi í Ásholti 2, rétt ofan við Hlemm. Í henni eru tvö svefnherbergi, stór stofa og borðstofa, eldhús og baðherbergi. Sjónvarp, útvarp og öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður. Allur rúmfatnaður er til staðar, sængur, koddar og lín. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél, þurrkara og strauvél er á jarðhæð.

Ásholt 2, íbúð 605. 105 Reykjavík

Rúmgóð íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi í Ásholti 2, rétt ofan við Hlemm. Í henni eru þrjú svefnherbergi, stór stofa og borðstofa, eldhús og baðherbergi. Sjónvarp, útvarp og öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður. Allur rúmfatnaður er til staðar, sængur, koddar og lín. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél, þurrkara og strauvél er á jarðhæð.



Hagamelur.

Ásholt 2, íbúð 701. 105 Reykjavík

Rúmgóð íbúð á 7. hæð í lyftuhúsi í Ásholti 2, rétt ofan við Hlemm. Í henni eru tvö svefnherbergi, stór stofa og borðstofa, eldhús og baðherbergi. Sjónvarp, útvarp og öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður. Allur rúmfatnaður er til staðar, sængur, koddar og lín. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél, þurrkara og strauvél er á jarðhæð.

Hagamelur 45, 107 Reykjavík

Íbúðin er á fyrstu hæð á rólegum stað í Vesturbænum. Í henni eru tvö svefnherbergi, rúmgóð stofa, eldhús með borðkrók og baðherbergi með sturtu. Í íbúðinni er sjónvarp og útvarp og öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður. Uppþvottavél er í eldhúsi. Allur rúmfatnaður er til staðar, sængur, koddar og lín.



Furulundur.

Furulundur 8F, 600 Akureyri

Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, rúmgóð stofa með góðum svölum á móti suðri, eldhús með borðkrók og baðherbergi með sturtu. Í íbúðinni er sjónvarp og útvarp og öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín utan um sængurfatnað, handklæði, borðklúta, þurrkustykki, ræstiefni og salernispappír.

Bjarnaborg, Aðalgötu 26, 430 Suðureyri

Íbúðin er um 115 fermetrar. Í henni eru 3 svefnherbergi, setu- og borðstofa, eldhús, þvottahús með þvottavél og baðherbergi með sturtu. Íbúðinni fylgja öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður, sængur og koddar, ræstiefni og salernispappír. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín utan um sængurfatnað, handklæði, borðklúta og þurrkustykki. Í íbúðinni er útvarp, sjónvarp, örbylgjuofn og kolagrill.



Bjarnaborg.

Einarsstaðir hús nr. 20

Húsið er 45 m². Í því eru 2 svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrök og baðherbergi með sturtu. Í húsinu er svefnpláss fyrir 6 manns. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður, sængur og koddar, ræstiefni og salernispappír. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín utan um sængurfatnað, handklæði, borðklúta og þurrkustykki. Í húsunum er útvarp, sjónvarp, örbylgjuofn og útigrill. Bamarúm og stólar og aukadýnur fást hjá umsjónarmanni, sem er staðsettur í húsi nr. 32. Heitur pottur er við húsið.



Einarsstaðir.

Svignaskarð í Borgarfirði, orlofshús nr. 9

Húsið 67 fermetrar með 3 svefnherbergjum með gistirými fyrir 7-8. Í húsinu er ungbarnarúm, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgir öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður, sængur og koddar, ræstiefni og salernispappír. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín utan um sængurfatnað, handklæði og þurrkustykki. Í húsinu er útvarp, sjónvarp, örbylgjuofn og útigrill. Barnarúm og stólar fást hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Heitur pottur er við húsið.



Svignaskarð.

Svignaskarð í Borgarfirði, orlofshús nr. 30

Húsið 72 fermetrar með 3 svefnherbergjum með gistirými fyrir 7. Í húsinu er ungbarnarúm, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Búnaður og þjónusta, sjá hús nr. 9 hér fyrir ofan.



Ölfusborgir.

Ölfusborgir við Hveragerði, orlofshús nr. 12

Í húsinu eru 3 svefnherbergi, tvö með tvíbreiðum rúmum auk þess sem í öðru herberginu er kofa í fullri stærð. Í húsinu er stofa/borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Stór verönd með heitum potti og sólskála. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður, sængur og koddar, ræstiefni, salernispappír og gólfklútar og borðtuskur. Tuskum og klútum skal skilað að lokinni dvöl. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín utan um sængurfatnað og handklæði. Í húsunum er útvarp, sjónvarp, örbylgjuofn og útigrill. Barnarúm og stólar fást hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð.

Ölfusborgir við Hveragerði, orlofshús númer 32


Í húsinu eru 2 svefnherbergi, annað með tvíbreiðu rúmi en hitt með kofum í fullri stærð. Í húsinu er stofa/borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Stór verönd með heitum potti og sólskála. Búnaður og þjónusta, sjá hús nr. 12 hér fyrir ofan.



Illugastaðir í Fnjóskadal.

Illugastaðir í Fnjóskadal

Í húsinu eru tvö svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður, sængur og koddar, ræstiefni og salernispappír. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín utan um sængurfatnað, handklæði, borðklúta og þurrkustykki. Í húsinu er útvarp, sjónvarp, örbylgjuofn og útigrill. Barnarúm og stólar og aukadýnur fást hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Heitur pottur er við húsið.



„Vinaminni” orlofsíbúð í Altomar á Spáni

Verk-Vest hefur til umráða orlofsíbúð nr. 13 á jarðhæð í raðhúsahverfinu Altomar III í Los Arenales á Spáni í samstarfi við þrjú önnur stéttarfélag. Raðhúsahverfið Altomar III í Los

Arenales er rétt sunnan við Alicante borg. Húsið hefur fengið nafnið Vinaminni.

Akstur frá Alicante flugvelli til hverfisins tekur 10 - 15 mínútur, en um 20 mínútna akstur er inn í miðborg Alicante. Auðvelt er að taka bílaleigubíl frá flugvelli og fylgja merkingum til áfangastaðar. Best er að notast við hlið nr.123, þaðan eru örfá skref að íbúðinni. Íbúðin er í lokuðum kjarna þar sem ekki er hægt að komast inn nema hafa lykil eða aðgangsheimild. Lyklabox er við útihurð og er lyklnúmer á leigusamningi. Best er að geyma lykilinn alltaf í lyklaboxinu.

Í íbúðinni eru 2 svefnherbergi, setu- og borðstofa, eldhús og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður, sængur og koddar. Loftkæling er í húsinu. Gistipláss er fyrir 6 fullorðna í tveimur herbergjum og svefnsófa í stofu, einnig fylgir ferðabarnarúm.

Í miðju raðhúsakjarnans er sameiginleg sundlaug með barnalaug sem aðeins íbúarnir hafa aðgang að. Nota þarf aðgangsslykil til að komast í sundlaugargarðinn. Við hliðina á sundlauginni er stigahús niður í bílastæðakjallara. Stæði nr. 13 í bílageymslu fylgir íbúðinni, fjarstýring fyrir bílageymslu er í kommóðu við hliðina á svefnsófa í stofu.

Hótel og gististaðir sem félagsmönnum Verk Vest býðst á kostakjörum

FOSSHOTEL

Fosshótel Reykjavík - Höfðatorg Reykjavík
 Fosshótel Lind Reykjavík
 Fosshótel Baron - Reykjavík
 Fosshótel Reykholt Borgarfirði
 Fosshótel Húsavík
 Fosshótel Dalvík
 Fosshótel Núpar, Kirkjubæjarklaustri
 Fosshótel Vatnajökull
 Fosshótel Laugar
 Fosshótel Fáskrúðsfjörður
 Fosshótel Patreksfirði



Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com

Icelandair hotel Akureyri, Héraði, Klaustri, Vík, Flúðum, Hamri, Keflavík og Reykjavík Natura.



Vetrarleiga íbúða og orlofshúsa Verk Vest

Orlofsíbúðir Verkalýðsfélags Vestfirðinga í Reykjavík, á Akureyri og í Bjarnaborg á Suðureyri eru leigðar út til félagsmanna allt árið um kring. Sama gildir um orlofshús félagsins í Ölfusborgum fyrir austan Hveragerði, í Svignaskarði í Borgarfirði og á Illugastöðum í Fnjóskadal.



Wynajmowanie domków

wypoczynkowych w okresie zimowym




Członkowie Związków Zawodowych "Verk-Vest" mają możliwość wynajęcia domków wypoczynkowych poza okresem urlopowym; tzn. między 15 września, a 1 czerwca każdego roku. W ofercie są domki wypoczynkowe w Ölfusborgir niedaleko Hveragerði na południu, w Svignaskarð w okolicy Borgarfjörður około godzina drogi od Reykjavíku. Związki posiadają do wynajęcia mieszkanie w Reykjavíku oraz Akureyri.

Winter rental

of holiday chalets



Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vacation until autumn or winter. This is a good time to remind members of Verk-Vest that they have several good holiday options outside the conventional vacationing season. These options are staying in holiday chalets at Ölfusborgir just outside Hveragerði in the south, an hours drive from Reykjavík and in the Svignaskarð area in Borgarfjörður, as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík and Akureyri. The autumn and winter rents cover the period from 15th September to 1st June.



Miðar í



Hvalfjarðargöng

Félagismaður í VerkVest fær miðann á kr. 550,-
aðrir á kr. 700,-

Hægt er að kaupa miða á eftirtöldum stöðum
Ísafjörður - skrifstofa Verk-Vest.

Píngeyri - Hamóna - N1

Tálknafjörður - Landsbankinn

Patreksfjörður - skrifstofa

Verk Vest Aðalstræti 5

Hólmavík - Sparisjóðurinn



Desemberuppbót

Desemberuppbót skal greidd ekki síðar en 15. desember, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem hafa verið samfelldt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember. Fullt ársstarf telst 45 unnar vikur eða meira. Full desemberuppbót 2015 er sem hér segir:

Verkafolk, starfsmenn á veitinga-, þjónustu- og greiðasölu- stöðum, beitningamenn á smábátum, starfsmenn á bænda- býlum og starfsmenn ríkisstofnana	78.000 kr.
Verslunar- og skrifstofufolk	78.000 kr.
Iðnaðarmenn og iðnnemar	78.000 kr.
Kalkþörungaversmiðjan Bíldudal	84.525 kr.
Þörungaversmiðjan Reykhólum	115.844 kr.
Starfsmenn sveitarfélaga	100.700 kr.

Bilety na przejazd tunelem



Hvalafjarðargöng

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng
można zakupić w biurze Związków Zawodowych
Verk-Vest w Ísafjörður. Cena biletu zniżkowego
dla członków związków wynosi 550 kr. Pełna cena
biletu wynosi 700 kr.

Bilety również są do nabycia
w następujących punktach:
Sparisjóður w Hólmavík,
Aðalstræti 5, Patreksfjörður,
na stacji paliw N1 w Píngeyri.



Dodatek grudniowy

Wysokość dodatku grudniowego w oparciu o umowy
zbiorowe w 2015 roku wynosi 78.000 kr. Handlowcom i
pracownikom biurowym przysługuje kwota w wysokości
78.000 kr, pracownikom administracji lokalnej przysługuje
100.700 koron

Pracownikom państwowym specjalny dodatek grudniowy
ma być wypłacony 1 grudnia. Pracownikom zatrudnionym
na powszechnym rynku pracy powyższy dodatek ma być
wypłacony nie później niż do 15 grudnia.



Discount tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets for the Hvalfjörður tunnel can be obtained at
the Verk - Vest office in Ísafjörður. The price of each
ticket for Union members is only kr. 550. For others kr.
700.

Tickets may also be purchased in
Píngeyri - Hamóna - N1
Tálknafjörður - Landsbankinn
Patreksfjörður - Aðalstræti 5
Hólmavík - Sparisjóðurinn



December bonuses

Verk – Vest reminds its members that, according to collective
wage agreements, they are entitled to a December bonus.
According to Verk-Vest wage agreement with the State and
collective agreements on the general labour market, the
bonus is kr. 78.000.

According to the wage contract concluded with the
Municipal Wages and Salaries Commission, the December
bonus 2015 is kr. 100.700. State employees are to receive
their December bonuses on 1st of December, employees on
the general labour market on 15th December at the latest
and municipal employees are to be paid their bonuses in
December, in accordance with the appropriate wage and
salary contracts.


Umbylting á Vestfjörðum

Vindur í seglum III, þriðja bindi sögu verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum eftir Sigurð Pétursson sagnfræðing er komin út. Í bókinni er fjallað um tímabilið 1931-1970 á Ísafirði og við Ísafjarðardjúp. Í upphafi voru verkalýðsbarátta og stjórn mála- starf tvær eggjar á sama sverði. Sagt er frá valdatíma jafnað- armanna á Ísafirði, átökum og athafnalífi, baráttu verkafólks og sjómanna, brotnámi Hannibals frá Bolungarvík, harðvítugu sjómannaverkfalli, Hesteyrarhneykslinu, heimsókn Staunings og byggingu Alþýðuhússins. Við sögu koma forystumenn svo sem Finnur Jónsson, Hannibal Valdimarsson, Guðmundur G. Hagalín og Björgvin Sighvatsson ásamt hundruðum verkafólks, sjómanna, vélstjóra, iðnaðarmanna og verslunarfólks sem störf- uðu fyrir verkalýðsfélögin á Vestfjörðum.

Vindur í seglum III fjallar um Alþýðusamband Vestfjarða á tímabilinu 1931-1970 og þau verkalýðsfélög sem aðild áttu að sambandinu á Ísafirði og við Ísafjarðardjúp. Sögu félaganna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Barðastrandarsýslu og Strandasýslu hafa áður verið gerð skil í öðru bindi verksins og í fyrsta bindi var fjallað um þær breytingar í atvinnu- og félagsmálum sem mótuðu upphaf og fyrstu skref verkalýðssamtaka á Vestfjörðum.

Vindur í seglum býður lesendum í ferðalag um Vestfirði frá tímum segla og ára til aldar véla og verksmiðja. Hún fleytir lesendum á slóðir vestfirskra sjómanna og verkafólks á 20. öld.

Hér birtast tveir stuttir kaflar úr bókinni:



Hafnarstræti, aðalverslunargata Ísafjarðar á árunum 1930-1940. Verslunarmenn stofnuðu verkalýðsfélag árið 1937 undir forystu Gunnars Andrew. Félagið var lagt niður eftir nokkur ár. Árið 1957 stofnuðu verslunarmenn á Ísafirði nýtt félag. Mynd M. Simson / Ljósmyndasafnið Ísafirði.

Dómarinn rekinn

Engin stétt er eins sein til að átta sig á nauðsyn samtakanna til að gæta hagsmuna sinna gegn herrum sínum og verslunarmannastéttin. Er sú raunin á víða um heim, að samtök láta þeim mjög illa. Þó að þeir við og við myndist við einhvern stéttarfélagsskap, verður það oftast kák eitt, því að þeim ætla aldrei að skiljast, að þeir eru blátt áfram verkamenn, jafn kúgaðir og fyrirlitnir af yfirboðurum sínum og aðrir verkamenn...

Þannig var skrifað í Skutul árið 1928 á meðan blaðið var undir ritstjórn Halldórs Ólafssonar frá Gjögri. Í greininni sem nefnist „Samtakaleysi verslunarmanna“ er hlutskipti þeirra þannig lýst: „Fyrir sultarlaun vinna þeir sitt þreytandi og leiðinlega starf, því að hver býður kaupði niður fyrir öðrum.“ Vinnutíminn sé óralangur, sumarleyfi ekkert, þeir fái enga umbun fyrir að afla sér þekkingar og séu fyrirvaralaust reknir úr vistinni, ef henta þykir. Þá megi verslunarmenn una við skoðanakúgun, þannig að þeir skuli ætíð hafa sömu skoðun og verslunareigandinn, einkum í pólitík. Og ritstjóri Skutuls

vandar ekki kaupmönnum kveðjuna. Hann segir að í flestum kaupstöðum þrífist „gersamlega ómentaðir kaupmenn, illa læsir og lítt skrifandi, kunnandi oft enga mannsiði.“

Ástæða þessara hörðu ummæla er atvik sem henti eftir fótboltaleik sem fram fór á Hrossataðsvöllum, gamla fótboltavellinum við Eyrargötu á Ísafirði. Dómari leiksins var Gunnar Andrew verslunarmaður og skipaði hann tvo línuverði til aðstoðar við dómgæsluna. Þegar leikurinn stóð sem hæst vék Ólafur Kárason kaupmaður öðrum línuverðinum frá, tók af honum flaggið og byrjaði sjálfur að dæma. Dómari leiksins lét þetta ekki viðgangast, svipti kaupmanninn nýfenginni stöðu og setti fyrri línuvörð aftur í embætti. Þetta hafði þær afleiðingar að Gunnari Andrew var sagt upp vinnu sinni í „Birninum“, verslun Ólafs Kárasonar. Í bréfi sem Ólafur skrifaði með upp- sögninni sagði hann að hegðun Gunnars hefði verið „lítillsvirðing ellegar heimskulegur hroki“. Slík framkoma væri brot á stöðu hans „og verð eg því miður að tilkynna þér að eg skoða þig lausan úr þjónustu minni frá deginum í dag.“ Skutulsgreinin klykkir út með:

En ef hér á landi hefði verið öflugur stéttarfélagsskapur verslunarmanna, hefði þessi kaupmaður engan þjón fengið í skarðið. Og ef verslunarmannafélagið hefði verið í jafn öflugum alþýðufélagsskap, hefði hann engan þjón þurft, því enginn hefði viljað versla við hann eftir þetta. En ef þessi félagsskapur hefði verið nákvæmlega eins og þess háttar félagsskapur á að vera, þá hefði slíkur kaupmaður aldrei vogað sér að vera til.

Ekkert sagði í blaðinu um úrslit knattspyrnuleiksins. Gunnar Andrew dómari leiksins ólst upp á Þingeyri, sonur Jóhannesar Ólafssonar oddvita og hreppstjóra og eins forystumanna fyrsta verkalýðsfélagsins á Þingeyri árið 1908. Jóhannes var einnig alþingismaður Vestur-Ísafjarðarsýslu á árunum 1903-1908. Gunnar Andrew varð stúdent í Reykjavík árið 1913, en hætti frekara námi eftir einn vetur við Háskóla Íslands. Hann stundaði verslunarstörf á Þingeyri næstu árin og á Ísafirði eftir 1920. Síðar starfaði hann sem skrifstofumaður hjá Samvinnufélagi Ísfríðinga og ráðsmaður Sjúkrahússins á Ísafirði. Gunnar stundaði jafnframt kennslu, einkum í íþróttum og æfði fimleikaflokka bæði á Þingeyri og á Ísafirði. Hann var virkur í íþrótt- og æskulýðsstarfi, helsti hvatamaður að stofnun Skátafélagsins Einherja á Ísafirði árið 1928 og félagsforingi þess í 14 ár. Gunnar Andrew var jafnframt forystumaður í stéttarfélagi verslunarmanna sem stofnað var á Ísafirði árið 1937.

(Vindur í seglum III. Úr kafla um félög verslunarmanna á Ísafirði).

Hesteyrarhneykslið

Í ársbyrjun 1932 komst upp að við löndun í síldarbræðsluna í Hesteyrarfirði voru notuð röng síldarmál. Málin mældust of stór og hlunnföru því sjómennina, þar sem hlutur þeirra fór eftir því magni sem landað var eftir hvern tús. Hesteyrarmálið varð fleygt þegar stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur kærði til dómsmálaráðherra röng síldarmál hjá Kveldúlfi á Hesteyri. Grunsemdir sjómanna höfðu vaknað við samanburð á löndunum í Hesteyrarstöðina og í stöðina á Sólbakka í Önundarfirði.

Jónas Jónasson frá Hriflu var dómsmálaráðherra og skipaði Ólaf Þorgrímsson lögfræðing, rannsóknardómara í málinu. Ólafur var þá staddur á Ísafirði og varðskipið Þór flutti hann norður í Hesteyrarfirði, þar sem fram fór mæling á löndunarmálum stöðvarinnar. Reyndust málin taka 153-165 lítra, í stað 150 lítra, sem átti að vera. Ekki gekk vel að finna málin. Eiríkur Benjamínsson umboðsmaður Kveldúlfs á staðnum neitaði að gefa upplýsingar um hvar þau væri að finna og lét rannsóknardómari þá opna húsin með úrskurði og fundust þá málin eftir margra klukkustunda leit í „dimmu afhýsi.“

Hesteyrarmálið varð strax mjög pólitískt. Tíminn sagði frá rannsókninni og Alþýðublaðið sparaði ekki stóru orðin um framferði Kveldúlfsmanna. Í Tímanum stóð að menn segðu að aukagróðinn af kerunum hefði getað „staðið undir rekstri þeirra þriggja luxusbifreiða, sem Thorsbræður hafa til snúninga.“ Morgunblaðið sagði ekki frá málinu, en birti yfirlýsingu frá Richard Thors aðalforstjóra Kveldúlfs, um að fyrirtækið léti smíða öll síldarmál eftir viðurkenndu máli. Það væri fjarstæðukennt að fyrirtækið og forsvarsmenn þess notuðu vísitandi svikin mál.

Í heilt ár stóðu spjótin á Thors-bræðrum, frá andstæðingum þeirra í Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum. Það var svo í febrúar 1933 að kveðinn var upp dómur þar sem framkvæmdastjórarnir Kveldúlfs voru sýknaðir, jafnvel þó að sannað væri að málin væru röng, því ekki þótti sýnt að um sviksamlegt athæfi væri að ræða og ekki sannað að fyrirtækið hafi fengið meira magh úr málunum en því bar. Samt voru Kjartan og Haukur Thors, hvor um sig, dæmdir til að greiða 130 króna sekt í ríkissjóð, fyrir vanrækslu, þar sem þeir báru ábyrgð á starfsemi á Hesteyri.



Síldarbræðsluverksmiðjan á Stekkeyri í Hesteyrarfirði var í eigu Kveldúlfs hf., stærsta togarafyrirtækis landsins. Thorsættin starfræktí verksmiðjuna frá 1927-1941. Á þeim tíma var stofnað Verkalýðsfélag Sléttuhrepps. Mynd Vigfús Ingvarsson / Ljósmyndaafnið Ísafirði.

„Eins og kunnugt er, ná lögin á Íslandi venjulega ekki yfir menn eins og forstjóra Kveldúlfs...“ sagði Alþýðublaðið. Þar á bæ töldu menn að málið væri illa rannsakað og að dómurinn hafi skort kjark til að fylgja málinu eftir. Því hafi eigendur Kveldúlfs sloppið billega.

Eftirmálar urðu nokkrir af þessu. Thor Thors einn af fimm bræðrum og forstjórnum Kveldúlfs kærði Oluverslun Íslands fyrir að nota ekki löggilt mælitæki við oliusölu. Forstjóri og aðaleigandi Oluverslunarinnar var varaformaður Alþýðuflokksins og formaður verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, Héðinn Valdimarsson. Héðinn sagði frá því í Alþýðublaðinu að Thor hefði látið kalla sig upp í síma á Alþingi og hóttað að ef skrif Alþýðublaðsins um Hesteyrarmálið hættu ekki, myndi hann ljóstra upp um mælingar á hráolíu frá fyrirtæki hans. Héðinn skrifaði í kjölfarið mikla grein í blaðið þar sem hann fór heldur háðulegum orðum um Thor Thors: „Það er venjulega svo um þessa gorgeirsfullu og rígmontnu innantómu uppskafinga, að það verður lítið úr þeim þegar á hólminn kemur og þeir eiga að standa við orð sín.“ Taldi Héðinn að kærán væri eingöngu sett fram til að draga athyglina frá Hesteyrarmálunum og Kveldúlfi, enda ætti hún enga stoð í veruleikanum. Thor Thors nefnir svargrein sína í Morgunblaðinu „Hjeðinn hamstola“ og segir þar að „fáir munu harma það, jafnvel þótt enn betur væri flett ofan af hræsnaranum Hjeðni.“ Ekki verður þess vart að frekari málarekstur hafi orðið af þessu tilefni.

„Aðalatriði dómsins er þá það, að það er ekki talið refsivert að hafa of stór síldarmál. Þar með er beint úrskurðað með dómi, að leyfilegt sé að hafa af sjómönnum eins mikið og kveldúlfi og kollegum hans þóknast...“ sagði í Skutli um niðurstöðu dómsins. Árið 1932, þegar Kveldúlfsmálið kom upp, var mikið átakaár í sögu verkalýðshreyfingarinnar. Kreppan var í algleymingi og atvinnuleysi víða mikið. Verkalýðsfélagin um land allt stóðu andspænis kröfum atvinnurekenda um kauplækkun og þurftu víða að gefa eftir. Félagarnir á Hesteyri, Látrum og Sæbóli stóðu í sömu sporum, en höfðu nú Alþýðusambandið að bakhjarli.

(Vindur í seglum III. Úr kafla um Verkalýðsfélag Sléttuhrepps.)

Hæstiréttur staðfestir samning smábátasjómannna

Æðsti dómstóll landsins hefur úrskurðað að ákvæði í kjarasamningi smábátasjómannna um að aflahlutur skuli reiknast af heildarverðmæti fiskafla standist fullkomlega. Ágreiningur var um uppgjörsaðferðina. Dómur Hæstaréttar kveðinn upp 5. mars á þessu ári var í samræmi við niðurstöðu Héraðsdóms sem áður hafði fallið. Í dómsniðurstöðu Hæstaréttarmáls 515/214 segir:

Í samningarétti gildir grundvallarreglan um samningsfrelsi en í henni felst að aðilar ráða efni samnings sín á milli. Þessi regla gildir meðal annars á vinnumarkaði. Á þeim vettvangi er samningsfrelsið jafnframt varið af 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar á þann veg að lögjafanum ber með lögum að kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Að þessu gættu verður að koma ótvírætt fram í lögum ef ákvæði þeirra eiga að vera ófrávikjanleg við gerð kjarasamninga.

Málsatvik voru þau að haustið 2012 tókst eftir langa baráttu að ljúka gerð kjarasamnings fyrir smábátasjómenn. Í þeim samningum var uppgjör einfaldað miðað við aðra kjarasamninga sjómanna þannig að skiptaprósenta var lækkuð **en þess í stað voru aflahlutir reiknaðir af heildarverðmæti fiskafla**, en ekki 70% af honum eins og gert er í samningum fyrir stærri skip.

Ágreiningurinn laut að gildi fyrrgreinds kjarasamnings frá 2012 gagnvart lögum nr. 24/1986, með síðari breytingum, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun. Samkvæmt kjarasamningi smábátasjómannna skal reikna aflahlut af heildarverðmæti fiskafla en skv. lögnum skal reikna aflahlut af 70% af heildarverðmæti. Á móti kemur



lægri skiptaprósenta fyrir smábátasjómenn. Þegar upp er staðið eru kjörin sambærileg en útgerðir smábáta losna við flókna útreikninga þar sem 70% viðmiðunin getur breyst í samræmi við þróun oliuverðs. Nokkrar útgerðir smábáta töldu, að þrátt fyrir ákvæði kjarasamningsins um að reikna bæri aflahlut af heildarverðmæti afla, væri þeim skylt að reikna hann af 70% af heildarverðmæti. Dómur Hæstaréttar hefur nú tekið af öll tvímæli um þetta efni. **Aflahlutur smábátasjómannna skal reiknaður af heildarverðmæti fiskafla.**

Fullur sigur í baráttunni við Fæðingarorlofssjóð

Alþýðusambandið hefur ítrekað gert kröfu til þess að Fæðingarorlofssjóður leiðrétti greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi sem urðu fyrir ólögmetum skerðingum vegna rangrar túlkunar sjóðsins á lögnum um fæðingar- og foreldraorlof. Efni málsins er í sem stystu máli það að 28. ágúst 2013 sendi umboðsmaður Alþingis frá sér álit, þar sem fram kemur að túlkun Fæðingarorlofssjóðs á lögnum um fæðingar- og foreldraorlof og útreikningur sjóðsins á tekjuviðmiðum og greiðslum þegar einstaklingar taka fæðingarorlof hluta úr almanaksmánuði en eru í starfi hinn hlutann hafi verið rangur.

Þessi niðurstaða umboðsmanns hefur ekki verið véfengd. Ljóst er að með framgöngu sinni hefur Fæðingarorlofssjóður haft umtalsverðar fjárhæðir af fjölda launafólks með ólögmetum hætti. Alþýðusambandið tók málið margoft upp á vettvangi Vinnumálastofnunar, þar sem Fæðingarorlofssjóður er vistaður, haustið 2013 og síðan við Velferðarráðuneytið bæði formlega og óformlega. Fæðingarorlofssjóður og Vinnumálastofnun létu sér hins vegar ekki segjast og höfnuðu ítrekað að gera nokkuð í málinu og báru fyrir sig sjónarmið og rök sem að engu voru hafandi.

Sú staðreynd að Alþýðusambandið hefur haldið málinu gangandi allan tímann og hvergi kvikað frá því að bætt verði úr óréttlætinu



hefur nú leitt til þess að hluti þeirra foreldra sem voru hlunnfarnir af Fæðingarorlofssjóði fengu leiðréttingu í lok síðasta árs og aðrir fyrr á þessu ári. Jafnframt liggur fyrir að Fæðingarorlofssjóður mun láta af ólögmetri framkvæmd sinni í þessum efnunum eftirleidis.

Trúnaðarráð Verk Vest: Komum í veg fyrir nýja öld lénsheerra á Íslandi



Félagsfundur Verk Vest samþykkir boðun verkfalls í vor.

Á fundi trúnaðarráðs Verk Vest fyrr á þessu ári var staða atvinnu- mála á Flateyri og Þingeyri til umræðu. Voru fundarmenn ómyrkir í máli þegar staða sjávarbyggða var rædd. Flutningur veiðiheimilda, hreppaflutningar starfsfólks og nútíma vistarbönd voru orð sem féllu á fundinum. Skeytingarleysi gagnvart landverkafólki og minnkandi atvinnuöryggi er grafalvarlegt mál og furðulegt að ekki skuli vera gripið til markvissra leiða til að koma í veg fyrir flutning aflaheimilda. Samfélagslegri ábyrgð er kastað fyrir róða og skammtíma gróðasjónarmið látin ráða. Trúnaðarráð samþykkti eftirfarandi ályktun:

Trúnaðarráð Verkalýðsfélags Vestfirðinga lýsir stjórnvöld ábyrg fyrir þeim áföllum sem dunið hafa yfir störf í sjávarútvegi undanfarin misseri. Landverkafólk hefur ekkert til saka unnið sem réttlætir að vera sett í nútíma vistarbönd kvótaeigenda.

Kvótaflutningar í bolfski er birtingarmynd hins frjálsa framsals aflaheimilda sem heggur enn á ný svo nærri vestfirskum byggðum að ekki verður við unað. Nýjustu dæmin eru boðaðar breytingar á bolfskivinnu á Flateyri og flutningur veiðiheimilda frá Þingeyri með lokun starfsstöðvar Vísis hf. Fundurinn krefst þess að strax verði

gerðar viðeigandi ráðstafanir til að Vestfirðingar geti betur nýtt gjöf- ul fiskimið fjórðungsins með réttmætum hætti.

Fundurinn krefst áræðni og staðfestu á ákvarðanatöku svo tryggja megi að hjól atvinnulífs á Vestfirðum stöðvist ekki. Komum í veg fyrir nýja öld lénsheerra á Íslandi með tilheyrandi stéttaskiptingu.

Ráðumst gegn atvinnu- og tekjumissi í vestfirskum sjávarbyggðum með samstöðu okkar allra að vopni.

Í lok ágúst í sumar bættust svo við fréttir af uppsögn starfsmanna við fiskvinnslu Þórsbergs á Tálknafirði. Fulltrúar Verk Vest ásamt pólskum túlki voru boðuð á starfsmannafund á Tálknafirði þar sem lokun vinnslunnar var boðuð. Fram kom að 29 manns í fiskvinnslu ásamt 4 sjómönnum var sagt upp störfum. Áður hafði áhöfninni á Kópnum BA 175, sem er línuskip í eigu fyrirtækisins, verið sagt upp störfum. Fram kom á fundinum að launagreiðslur væru tryggðar út uppsagnarfrest og verða laun greidd til starfsmanna með óbreyttum hætti þó engin vinnsla fari fram.

Á Tálknafirði búa um 290 manns og hefur Þórsberg verið burðarás í atvinnulífi bæjarins því er ákvörðun um rekstrarstöðvun Þórsbergs gríðarlegt áfall fyrir sveitafélagið. Stór hluti atvinnubærna einstaklinga í sveitafélaginu verða án vinnu nú í byrjun desember ef ekkert greiðist úr í rekstri fiskvinnslu á staðnum.



Það tæpa **allir**

á undirboðum á vinnumarkaði ✓

og svartri atvinnustarfsemi

Útlendingar og ungt fólk

- hlunnfarin um laun, starfskjör og aðbúnað

Átakið beinist **gegn** fyrirtækjum sem misnota erlent vinnuafli og ungt fólk.

Launafólk almennt

- grafið undan þeim réttindum og árangri sem náðst hefur á vinnumarkaði

Fyrirtækin

- grafið undan samkeppnistöðu þeirra sem hafa hlutina í lagi

Samfélagið allt

- grafið undan heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu



Alþýðusamband
Íslands
Guðrúnartúni 1
Sími 53 55 600
asi@asi.is
www.asi.is



Saumastúlkur á saumastofu klæðskeranna



Dyngja, deild saumastúlkna í Baldri var stofnuð 1942. Félagskonur störfuðu á saumaverkstæðum klæðskera á Ísafirði og við hattagerðina Hektor. Myndin sýnir stúlkur á saumaverkstæði klæðskeranna Einars og Kristjáns árið 1941. Fremri röð frá vinstri: Elína Sumarliðadóttir, Anna Kr. Björnsdóttir, Soffía Ásgeirsdóttir, Rannveig Hjálmarsdóttir, Guðmunda Jóhannesdóttir Súðavík, Margrét Albertsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Svanhildur Snæbjörnsdóttir, Þóra Þórðardóttir, Guðbjörg Þórarinsdóttir, Friðrikka Júdit Júlíusdóttir, Herdís Guðmundsdóttir, Gunnhildur Ásgeirsdóttir, Sigurborg Sigurgeirsdóttir, Stefanía Daníelsdóttir og Hrefna Maríasdóttir. Mynd M. Simson / Ljósmyndasafnið Ísafirði.

Verk Vest styrkir endurhæfingardeildina


Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Vestfirðinga hefur fært endurhæfingardeild Heilbrigðisstofnar Vestfjarða á Ísafirði að gjöf nýtt hlaupabretti. Það voru Pétur Sigurðsson fyrrum formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, Karitas Pálsdóttir formaður stjórnar sjúkrasjóðs og

Ólafur Baldursson varaformaður félagsins, sem afhentu endurhæfingardeildinni gjöfina í júlí í sumar. Hlaupabrettið kemur að góðum notum í allri endurhæfingu hjá stofnuninni og starfsmenn deildarinnar færðu félaginu þakkir fyrir.



Ólafur Baldursson, Pétur Sigurðsson og Karitas M. Pálsdóttir ásamt starfsfólki endurhæfingardeildarinnar við afhendingu hlaupabrettisins. Ljósmynd Halldór Sveinbjörnsson.

Jóla kort Verk Vest



Jóla kort Verk Vest árið 2015. Myndina tók Baldur Smári Ólafsson félagsmaður Verk Vest og sýnir hún norðurljósin yfir Djúpinu. Myndina tók hann út á Arnarnesi við Sktulsfjörð.

Eftirlit með vinnustöðum



Verkfallsverðir Verk Vest voru á ferðinni í maí í vor, þegar gripið var til aðgerða til að knýja á um samninga. Hér má sjá Ólaf Baldursson varaformann Verk Vest í eftirlitsferð í Neðstakaupstað á Ísafirði.

Smákökurnar hennar Huldu: Súkkulaði, kókos, Sörur og dívur

Nú er jólaundirbúningur kominn á fullt skrið á flestum heimilum. Smákökubakstur er fastur liður í undirbúningi jólanna hjá mörgum og gömlu góðu uppskriftirnar eru dregnar fram á hverju ári. Fyrir þá sem vilja breyta til, eða muna ekki hvar uppskriftirnar voru lagðar í fyrra, þá leitum við til hennar Huldu Steinarsdóttur á skrifstofu Verk Vest á Ísafirði og hún dró fram nokkrar gamlar og nýjar uppskriftir af smákökum til jólanna.

Hinar einu sönnu súkkulaðismákökur

- 1 bolli smjörlíki, kalt
- 1 bolli sykur
- 1 bolli púðursykur
- 2 egg
- 3 bollar hveiti
- 1 tsk. matarsódi
- ½ tsk. salt
- 1 bolli kókosmjöl
- 400 gr. suðusúkkulaði, brytjað gróft

Öllu hrært saman í hrærivél. Sett á plötu eða bökunarpappír með teskeið og bakað við 200-220° C í um það bil 7 mínútur, eða þangað til þær eru orðnar gullnar að lit.

Kókostoppar

- 4 eggjahvítur, stífþeyttar
- 2 dl. flórsykur
- 2 dl. kókosmjöl
- 2 dl. kornflögur (muldar)
- 1 dl. súkkulaði, brytjað gróft
- Börkur af einni appelsínu, rifinn smátt

Burrefnum er blandað varlega saman við stífþeyttar eggjahvíturnar, látið á bökunarpappír með skeið og bakað við 130-150° C hita í 15-20 mínútur.

Söru Bernharðs kökur

- Botn:
- 260 g. hakkaðar möndlur eða möndluðuft
- 230 g. flórsykur
- 4 eggjahvítur, stífþeyttar

Möndlurnar eru hakkaðar og flórsykrinum blandað í, en gætið þess að engir kekkir myndist. Hrært varlega saman við stífþeyttar eggjahvíturnar. Sett á plötu með teskeið og bakað við 180° hita í 11-13 mínútur.

- Krem:
- 120 g. sykur
- 1 dl. vatn

- 4 eggjarauður
- 1½ msk. kakó
- 260 g. mjúkt smjör
- suðusúkkulaði til að hjúpa

Sykur og vatn sett í pott og sjóðið þar til það fer að þykkna. Stífþeytið eggjarauðurnar og hellið sykurleginum varlega saman við og þeytið áfram í eina mínútu. Blandið smjöri og kakói saman við og hærið með sleikju þar til allir kekkir eru farnir. Smyrjið kreminu á kalda botnana og kælið svo. Hjúpið svo með bræddu suðusúkkulaði og setjið í frysti eða úti snjóskafli.

Dívur

Nýjasta æðið í smákökubakstrinum eru svokallaðar dívur, sem eru náskyldar Sörum, nema hvað súkkulaðið er hvítt:

- Botn:
- 4 eggjahvítur
- 50 g. sykur
- 200 g. flórsykur
- 250 g. möndluðuft

Eggjahvíturnar eru þeyttar sykurinn settur rólega út í, stífþeytt. Möndlur maukaðar smátt í matvinnsluvél, eða notað möndluðuft. Blandað saman við flórsykurinn og öllu hrært varlega saman. Sett á plötu með teskeið eða formað með kókusprautu og bakað við 180° hita í um 12 mínútur.

- Krem:
- 120 g. sykur
- 1 dl. vatn
- 4 eggjarauður
- 90 g. hvítir súkkulaðidropar
- 250 g. smjör
- 1 tsk. vanillusykur
- ½ - 1 tsk. vanilludropar

Sama aðferð og við Sörurnar: Sykur og vatn soðið í potti þar til fer að þykkna, eggjarauðurnar þeyttar á meðan og sykurleginum hellt varlega út í og þeyttur saman við. Súkkulaðið brætt í vatnsbaði. Mjúku smjöriinu blandað saman við með sleikju, ásamt bræddu súkkulaðinu og vanillusykrinum og vanilludropunum. Kremið sett á botnana með kramarhúsi eða teskeið og kökurnar settar smá stund í frysti. Síðan er kökunum dýft í súkkulaðið sem gert er úr bræddum hvítum súkkulaðidropum. Dívurnar settar í frost.



Hulda Steinarsdóttir



Súkkulaðismákökur



Kókostoppar



Sörur



Dívur

Vindur í seglum III er komin út!

ÁTÖK OG UPPBYGGING, PÓLÍTÍK OG SAMFÉLAG

Grundvallarrit um sögu Vestfjarða



Ísafjörður,
Hnífsdalur,
Bolungarvík,
Súðavík
og Hesteyri.
Hundruðir
vestfirskra
karla og
kvenna koma
við sögu.
280 ljósmyndir
prýða bókina.

Pantanir í síma 456-5190
eða postur@verkvest.is